

**Staðsetning borhola að Reykjanesi og  
Laugabóli við Djúp**

**Ómar Bjarki Smáráson, Gylfi Páll Hersir**

**Greinargerð ÓBS-GPH-87-05**

ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

Greinargerð OBS/GPH 87-05  
17. nóvember 1987

-----

**STAÐSETNING BORHOLA AÐ REYKJANESI OG LAUGABÓLI VIÐ DJÚP**

REYKJANES HOLA 2: Holan er staðsett 21 m VNV af SV horni stokksins sem er utan um hverinn sem neysluvatnið er tekið úr. Hverinn er 88°C og rennsli um 1 - 2 l/s. Holan er staðsett 6 m vestan við lágviðnámssprungu sem kemur fram í viðnámssniðsmælingu, og er ætlað að skera sprunguna á 80-100 m dýpi, og bergganginn austan við neysluvatnsþróna á 240 - 290 m dýpi. Reiknað er með að ganginum halli 84° - 85° til VSV, en hallamæling við yfirborð gefur 5° - 6° halla frá lóðlínu. Gangurinn er 1 m þykkur og öfugt segulmagnaður.

Um 15 m vestan við steyptu þróna er 4 m þykkur rétt segulmagnaður gangur. Hann stefnir á hverina við Héraðsskólann. Halli hans virðist minni en austari gangsins, eða 3° - 4° frá lóðréttu, og hallar honum því um 86° - 87° V. Lágviðnámssprungan sker þennan gang, og norður hluti gangsins hliðrast til vesturs þar sem sprungan sker ganginn, svo hugsanlega er normalt misgengi (fall að vestan) um sprunguna. Holan er staðsett um 6 m vestan við skurðpunkt gangsins og sprungunnar. Svo virðist sem laugarnar norðan við Héraðsskólann tengist þessum gangi.

Uppstreymið í jarðhitakerfinu kemur fram í viðnámssniðsmælingunum sem gerðar voru sumarið 1987. Það virðist vera á tveimur nær samsíða línunum með stefnu N336°-340°A, og liggja meðfram tveimur göngum. Austari gangurinn stefnir undir Héraðs-skólann, en vestari gangurinn kemur fram rétt austan við neysluvatnsstokkinn og stefnir á Kalahver.

LAUGABÓL: Holan er staðsett í horni girðingar vestan við skurð um 15 m V frá Baðlauginni. Henni er ætlað að skera gang eða sprungu sem sést á loftmynd og kemur veikt fram í segulmælingu. Halli jarðlaga á svæðinu er 4° til VNV, og er reiknað með að gangurinn/sprungan sé hornrétt á jarðlögin. Óvíst er á hvaða dýpi sprungan verður skorin, en fremur er búist við að það verði á 50 - 150 m dýpi, og líklega ekki dýpra en á 220 m.

Ómar Bjarki Smáráson  
Gylfi Páll Hersir